

Grænfánafundur 7. október 2020

Mætt eru Reynir Snær, Baltasar Aron, Filip Fryderik, Róbert Logi og Tinna María

Fundarstjóri Sigurbjörg

Fundarefni. Fá fram hugmyndir barnanna um hvernig vatn verður til.

Það var dumpungur og frekar lágskýjað þegar við lögðum af stað í leit af vatni. Það hafði rignt um morguninn svo náttúran var frekar blaut. Þegar við fundum vatn settumst við á steina og settum fund. Börnin voru beðin að hugsa í smá stund um það hvernig vatn verður til.

Hugmyndir barnanna voru þessar:

-Í Íslandi í eldgosi.

-Úr skýjunum.

-Búið til úr skýjum og kreista laufblöðin.

-Það gufar upp frá sjónum og svo verður það að skýi og svo rignir skýið og fer í vélar og svo heim í krana.

-Úr snjó og rigningu.

